

**TILSKIPUN RÁÐSINS****frá 27. nóvember 1989****um breytingu á tilskipun 80/181/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi mælieiningar****(89/617/EBE)**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,í samvinnu við Evrópuþingið <sup>(2)</sup>,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(3)</sup>,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Í tilskipun 80/181/EBE <sup>(4)</sup>, eins og henni var breytt með tilskipun 85/1/EBE <sup>(5)</sup>, er kveðið svo á um að tilgreina skuli lokadag vegna notkunar á þeim löggildu bresku mælieiningum sem skráðar eru í III. kafla viðauka hennar. Að því er tilteknar breskar mælieiningar og sérstaka notkun þeirra varðar er ljóst að nauðsynlegt er að heimila hlutaðeigandi aðildarríkjum að ákveða hve lengi þessar einingar skuli vera löggildar mælieiningar.

Í 5. mgr. 3. gr. tilskipunar 80/181/EBE er frekari notkun á viðbótarmælikvörðum heimiluð í nánar tilgreindan tíma.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*I. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á tilskipun 80/181/EBE:

1. Í 1. gr. komi eftirfarandi í stað b- og c-liða:
  - „b) þær einingar sem skráðar eru í II. kafla viðaukans, þó aðeins í þeim aðildarríkjum þar sem þær giltu hinn 21. apríl 1973 til þess lokadags sem þau ákveða;
  - c) þær einingar sem skráðar eru í III. kafla viðaukans, þó aðeins í þeim aðildarríkjum þar sem þær giltu hinn 21. apríl 1973 til þess lokadags sem þau ákveða. Þessi dagur skal eigi vera síðar en 31. desember 1994;
  - d) þær einingar sem skráðar eru í IV. kafla viðaukans, þó aðeins í þeim aðildarríkjum þar sem þær giltu hinn 21. apríl 1973 til þess dags sam þau ákveða. Þessi dagur skal eigi vera síðar en 31. desember 1999.“
2. Í 3. gr. :
  - komi „31. desember 1999“ í stað „31. desember 1989“ í 2. mgr. ,
  - falli 5. mgr. niður.
3. Í 5. gr komi „15. maí 1983“ í stað „1. mars 1974“.
4. Í 6. gr. falli önnur undirgrein niður.
5. Viðaukanum skal breytt sem hér segir:

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. C 31, 7. 2. 1989, bls. 7.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. C 120, 16. 5. 1989, bls. 73;  
Stjttíð. EB nr. C 291, 20. 11. 1989.

<sup>(3)</sup> Stjttíð. EB nr. C 159, 26. 6. 1989, bls. 3.

<sup>(4)</sup> Stjttíð. EB nr. L 39, 15. 2. 1980, bls. 40.

<sup>(5)</sup> Stjttíð. EB nr. L 2, 3. 1. 1985, bls. 11.

a) II. kafli breytist sem hér segir:

„II. KAFLI

**LÖGGILDAR MÆLIEININGAR SEM UM GETUR Í b-LIÐ 1. GR. OG EIN-  
UNGIS ERU HEIMILAÐAR VIÐ TILTEKNA NOTKUN**

Notkunarsvið	Eining		
	Heiti	Nálgunargildi	Tákn
Vegaskilti, fjarlægðar- og hraðamælingar	mile	1 mile = 1 609 m	mile
	yard	1 yard = 0,9144 m	yd
	foot	1 ft = 0,3084 m	ft
	inch	1 in = $2,54 \times 10^{-2}$ m	in
Skömmtun á tunnubjór og eplasafa; mjólk í margnota umbúðum	pint	1 pt = $0,5683 \times 10^{-3}$ m <sup>3</sup>	pt
Fasteignaskráning	acre	1 ac = 4 047 m <sup>2</sup>	ac
Viðskipti með eðalsteina	troy ounce	1 oz tr = $31,10 \times 10^{-3}$ kg	oz tr

Allt til þess dags sem ákveðinn verður í samræmi við b-lið 1. gr. má nota einingarnar í þessum kafla hverja með annarri eða með þeim sem skráðar eru í I. kafla til að mynda samsettar einingar.“

- b) einingin „fathom“ í III. kafla falli niður;  
c) eftirfarandi kafli bætist við:

„IV. KAFLI

**LÖGGILDAR MÆLIEININGAR SEM UM GETUR Í d-LIÐ 1. GR. OG EIN-  
UNGIS ERU HEIMILAÐAR Á TILTEKNUM SVIÐUM**

Notkunarsvið	Eining		
	Heiti	Nálgunargildi	Tákn
Siglingar	fathom	1 fm = 1,829 m	fm
Bjór, eplasafi, vatn, límonaði og ávaxtasafi í margnota umbúðum	pint	1 pt = $0,5683 \times 10^{-3}$ m <sup>3</sup>	pt
	fluid ounce	1 fl oz = $28,41 \times 10^{-6}$ m <sup>3</sup>	fl. oz
Brenndir drykkir	gill	1 gill = $0,142 \times 10^{-3}$ m <sup>3</sup>	gill
Vörur seldar í lausri vigt	ounce	1 oz = $28,35 \times 10^{-3}$ kg	oz
	(avoir dupois) pound	1 lb = 0,4536 kg	lb
Gassala	therm	1 therm = $105,506 \times 10^6$ J	therm

Allt til þess dags sem ákveðinn verður í samræmi við d-lið 1. gr. má nota einingarnar í þessum kafla hverja með annarri eða með þeim sem skráðar eru í I. kafla til að mynda samsettar einingar.“

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja lög og stjórnarsýslufyrirmæli sem nauðsynleg eru til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 24 mánuðum frá birtingu hennar <sup>(1)</sup>.

Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

<sup>(1)</sup> Tilskipunin var birt aðildarríkjunum 30. nóvember 1989.

3. gr.

Þrátt fyrir ákvæði tilskipunar 80/181/EEB skulu aðildarríkin heimila eða leyfa áfram notkun þeirra viðbótarmælikvarða sem um getur í 3. gr. þeirra tilskipunar, eftir 31. desember 1989.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 27. nóvember 1989.

*Fyrir hönd ráðsins,*

R. DUMAS

*forseti.*

---